

# Laus störf í Bláskógaskóla á Laugarvatni skólaárið 2024-2025

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundarstarfi. Nemendur eru á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk og þar af eru 27 börn í leikskóladeild og 53 í grunnskóladeild. Skólinn er Grænfána skóli og leggur áherslu á teymiskennslu, fjölbreytta kennsluhætti, fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, útikennslu og heilsueflingu. Uppeldisstefna skólans er „Uppeldi til ábyrgðar“ og leikskóladeild vinnur út frá kenningum um „Flæði“.

## Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar:

- **Umsjónarkennari, í unglingsdeild** tvær stöður, í 100% starf:
- **Kennara í leikskóladeild** í 100% stöðu
- **Kennara í heimilisfræði** í 46 % stöðu
- **Kennara í myndmennt** í 46 % stöðu

## Menntunar- og hæfniskröfur:

### Kennarar:

- Leyfisbréf til kennslu.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Hæfni til að skipuleggja nám í fjölbreyttum nemendahópi þar sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Góð þekking á kennsluefninu „Lykillinn“
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi

### Allir:

- Góð íslenskukunnátta.
- Mjög góð færni í samskiptum.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymisvinnu.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.

Í Bláskógaskóla er full vinnustytting, frítt kort í ræktina og frábær starfsmannahópur. Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð. Störfin henta einstaklingum óháð kyni. Ráðið er til starfa frá og með 1. ágúst 2024. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag. Umsókn skal fylgja kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari.

---

Nánari upplýsingar gefur Íris Anna Steinarssdóttir skólastjóri í síma 480-3030. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra á netfangið [irisanna@blaskogaskoli.is](mailto:irisanna@blaskogaskoli.is). Umsóknarfrestur er til 4. júlí 2024.